



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

31. október 2024

Mál nr. E-6025/2023:  
Stefnandi: Óskar Eiríkur Sveinsson  
(*Guðbrandur Jóhannesson lögmaður*)

Stefndu: Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Vátryggingafélag Íslands hf.  
(*Halldór Hrannar Halldórsson lögmaður*)

Dómarar: Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Sigríður Rut  
Júlíusdóttir héraðsdómari og Jón Ágúst Pétursson,  
byggingartæknifræðingur og húsasmíðameistari

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 2024 í máli nr. E-6025/2023:**

**Óskar Eiríkur Sveinsson**

*(Guðbrandur Jóhannesson lögmaður)*

**gegn**

**Skeiða- og Gnúpverjahreppi og**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

*(Halldór Hrannar Halldórsson lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 9. október 2024, var höfðað 5. október 2023.

Stefnandi er Óskar Eiríkur Sveinsson, Þingvallastræti 18 á Akureyri.

Stefndu eru Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Selfossi, og Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaábyrgð stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps gagnvart stefnanda vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir þegar hann féll í gegnum þakglugga á fasteigninni Skeiðalaug í Brautarholti í sveitarfélaginu 30. nóvember 2013.

Stefnandi krefst þess jafnframt að viðurkenndur verði réttur hans til vátryggingarbóta úr ábyrgðartryggingu stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir þegar hann féll í gegnum þakglugga á fasteigninni Skeiðalaug í Brautarholti í sveitarfélaginu 30. nóvember 2013.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða stefnanda málskostnað, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði hvor um sig sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir hvor um sig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

A

Hinn 30. nóvember 2013 varð stefnandi, sem þá var 11 ára gamall, fyrir alvarlegu slysi þegar hann féll í gegnum þakglugga Skeiðalaugar í Brautarholti á Skeiðum. Aðdragandi slyssins var sá að stefnandi var í heimsókn hjá vinafólki að Brautarholti umræddan dag. Fór hann út að leika með Valdimar Haukssyni, sem þá var 10 ára gamall, og klifruðu þeir upp á þak sundlaugarinnar, en hún var lokuð þennan dag. Byggingin var hönnuð af arkitektinum Jes Einari Þorsteinssyni og var sundlaugin vígð 15. nóvember 1975. Laugin var byggð fyrir almenning og sem skólasundlaug fyrir Brautarholtsskóla.

Í stefnu er ekki rakið hvaða leið drengirnir völdu til að komast upp á húsið en undir rekstri málsins tiltók lögmaður stefnanda að það hefðu þeir gert með því að klifra hægra megin upp á skyggni fyrir ofan inngang hússins og bar stefnanda og Valdimar Haukssyni saman um það atriði við skýrslugjöf fyrir dómi.

Í stefnu kemur fram að drengirnir hefðu gengið um á þakinu en brugðið í brún þegar bifreið var ekið fram hjá sundlauginni. Ágreiningslaust er að stefnandi féll skyndilega í gegnum þakglugga sem brast og niður fjóra metra á flísalagt steypugólf sundlaugarinnar. Þá er óumdeilt að stefnandi varð fyrir líkamstjóni vegna slyssins.

Lögregla var kölluð á vettvang vegna slyssins. Í skýrslu lögreglu kemur fram að stefnandi hafi verið mjög vankaður og ekki getað skýrt frá því sem átt hefði sér stað. Í skýrslunni segir að við skoðun á vettvangi hefði mátt sjá að kúptur þakgluggi úr plexíglari hefði verið brotinn fyrir ofan þann stað í byggingunni þar sem stefnandi lá. Athygli hefði vakið að glugginn hefði ekki verið brotinn að ofan heldur til hliðar. Um þetta væri vísað til ljósmynda lögreglu. Síðan segir að leiða megi líkur að því að stefnandi hafi stokkið á gluggann og hann gefið sig og stefnandi fallið í gegnum hann frekar en að hann hafi staðið ofan á glugganum og hann gefið sig. Um fjögurra metra fall væri að ræða.

Í sjúkraskrá stefnanda kemur fram að hann hafi verið hraustur fyrir slysið. Hann hafi verið að klifra uppi á þaki þegar hann féll í gegnum þakrúðu og niður á steinsteyppt gólf.

Stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur er eigandi byggingarinnar. Var hann einnig með frjálsa ábyrgðartryggingu sem meðstefndi hafði selt honum. Óumdeilt er að sú trygging var í gildi á slysdegi.

Ýmis læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu um afleiðingar slyssins gagnvart stefnanda. Þar sem stefnandi hefur aðeins uppi viðurkenningarkröfur í málinu en ekki fjárkröfu og í ljósi þess að málsaðilar deila ekki um að tjón hafi orðið við slysið er ekki þörf á að rekja hin læknisfræðilegu gögn nánar, en þess skal getið að stefnandi hefur meðal annars átt við að etja verulega taugaverki sem raktir hafa verið til slyssins.

Af hálfu stefnanda var tilkynnt um tjónið til stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. 16. apríl 2020. Tédur stefndi hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 23. nóvember 2020, en þar var byggt á því að meðstefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefði sem vátryggingartaki ekki sýnt af sér saknæma háttsemi.

Þessa synjun bar stefnandi undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Með úrskurði nefndarinnar 28. september 2021 í máli nr. 319/2021 hafnaði nefndin kröfum stefnanda. Vísaði nefndin til þess að ekkert í gögnum málsins varpaði ljósi á ástand glers í þakgluggum byggingarinnar. Stefnanda hefði því ekki tekist sönnun um að ástand eða frágangur glersins hefði verið óviðunandi og að slys stefnanda mætti rekja til þess. Þá vísaði nefndin til ummæla í lögregluskýrslu um að leiða mætti líkur að því að

stefnandi hefði stokkið á gluggann frekar en að hann hefði gefið sig undan þunga hans. Þá kom fram í úrskurðinum að ekki hefði verið sýnt fram á að aðkoma að húsinu eða notkun þess hefði verið með þeim hætti að stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefði borið sérstök skylda til að varna aðgengi að þaki þess. Ekki væri sýnt fram á að um augljósa slyshættu hefði verið að ræða. Niðurstaða nefndarinnar væri sú að ekki hefði verið sýnt fram á að slys stefnanda væri að rekja til athafna eða athafnaleysis sveitarfélagsins eða atvika sem það bæri ábyrgð á.

Í málinu liggur fyrir fundargerð sveitarstjórnar stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 17. maí 2006. Þar segir að rætt hafi verið „um viðhald í Skeiðalaug“. Einnig voru lagðar fram valdar fundargerðir sveitarstjórnar á árunum 2018 til 2021.

Stefnandi lagði fram í málinu ástandsskýrslu um sundlaugina sem unnin var af verkfræðistofunni Verkís árið 2019. Þar er ekki fjallað um þak hússins eða þakglugga.

## B

Undir rekstri málsins var Hjalti Sigmundsson, byggingartæknifræðingur og húsasmíðameistari, dómkvaddur sem matsmaður að beiðni stefnanda til að meta nánar tiltekin atriði sem vörðuðu fyrst og fremst þakglugga sundlaugarinnar.

Í matsgerð dómkvadds matsmanns, dags. 22. mars 2024, kemur fram að gluggakúplarnir hafi verið endurnýjaðir árið 2015. Ekki liggi fyrir að neinn þeirra eldri hafi verið varðveittur.

Niðurstaða matsmanns sé í fyrsta lagi sú að ekki sé hægt með nokkurri vissu að segja til um gerð eða ástand þakglugganna sem hafi verið á húsinu á slysdegi. Ekki liggi fyrir hver hafi framleitt þá. Ekki sé hægt að sjá hversu þykkt efni hafi verið í kúplunum, þ.e. hvort plastið hafi verið einfalt eða tvöfalt. Þá sé ekki hægt að sjá hvort plastið hafi verið veðrað, rispað eða skemmt á einhvern hátt. Þó megi ætla af framburði þeirra sem matsmaður hafi rætt við, sem og af teikningu arkitekts, að kúplarnir hafi verið tvöfaldir. Þetta sé þó ekki ljóst af fyrirliggjandi ljósmynd sem lögregla hafi tekið á vettvangi slyssins. Fyrir liggi að gluggarnir hafi verið upprunalegir að því frátöldu að skipt hafi verið um trékarma árið 2012 vegna fúa. Áfram hafi kúplarnir verið notaðir. Verði af því ætlað að ekki hafi gefist tilefni til að skipta um þá og þeir því virst óskemmdir. Ekki sé hægt að segja til um burðarþol plastkúpla í gluggunum með nokkurri vissu. Forsenda þess væri að fyrir lægju upplýsingar um þykkt plastsins. Hafi plastið verið a.m.k. 5 mm í ytra byrðinu megi áætla að styrkur þess hafi verið nægur til að mæta öllu fyrirsjáanlegu álagi sem veðurhjúpur bygginga sé hannaður fyrir. Svo virðist einnig hafa verið, sem sjá megi af því að þeir hafi enn verið taldir nothæfir árið 2012, þ.e. 37 árum eftir að húsið hafi verið byggt.

Í öðru lagi sé það niðurstaða matsmanns að ekki sé unnt að segja með vissu hvort plast í glugganum sem brotnaði hafi verið einfalt eða tvöfalt. Þess skal getið að eins og nánar er rakið hér á eftir lýsti dómkvaddur matsmaður því fyrir dómi að eftir að hafa séð skýrari útprentun af ljósmynd lögreglu frá slysdegi teldi hann ljóst að um tvöfalt plexíglar hefði verið að ræða í glugganum. Í matsgerðinni er nánar rakið að miðað við aldur megi búast við því að plastið hafi verið orðið veðrað og hrörnað. Slíkt hafi áhrif á eiginleika plastsins og geri það stökkara en þegar það hafi verið nýtt. Þetta þurfi þó ekki að hafa verið sýnilegt, a.m.k. ekki það að efnið hafi verið orðið stökkt. Þá megi vísa til samtals matsmanns við Ólaf F. Leifsson, sem endurnýjað hafi gluggakarma á þakinu árið 2012 og kúplana árið 2015. Framar í matsgerðinni segir um það samtal að Ólafur hafi talið öruggt að plastið hafi verið tvöfalt. Þá segir að Ólafur hafi sagt að plastið hafi verið eins og plast sem eldist, en þó gæti hann ekki sagt að það hafi verið sérstaklega veðrað, gulnað eða rispað.

Matsmaðurinn rekur einnig um niðurstöðu sína hér að engar samræmdar upplýsingar liggi fyrir um líftíma plexíglers, þ.e. plasts eins og muni hafa verið í glugganum sem brotnaði. Almennt megi þó telja líftíma a.m.k. 30 ár. Það þýði þó ekki endilega að efnið sé ónýtt að þeim tíma liðnum, en líklega hafi það þó tapað einhverjum af eiginleikum sínum. Fram kemur að samkvæmt tilteknu norsku riti sé miðað við að tíðni viðhalds á þakgluggum sé 20, 30 eða 40 ár, þar sem 20 ár teljist stuttur tími, 30 ár meðaltími en 40 ár langur tími. Í þessu ljósi hafi ekki þurft að koma á óvart að plastkúplur í þakgluggum væru úr sér gengnir 38 árum eftir að húsið hafi verið byggt. Ekkert sé þó hægt að segja um hvernig þeir hafi verið útlits eða hvort þeir hafi borið einhver merki þess að vera veðraðir eða hrörnaðir, eins og áður segi.

Í þriðja lagi sé það niðurstaða matsmanns að ekkert verði sagt um burðarþol glugganna, sbr. einnig það sem áður sé rakið. Matsmaður ætli þó að jafnvel þó að plast í gluggunum hafi verið þunnt hafi það getað borið 40 kg álag ef staðið væri á kúplinum. Ólíklegt sé að það þoli hins vegar álag manneskju sem er 40 kg og stökkvi á eða hoppi á kúplunum. Við það margfaldist álagið. Við bætist síðan að hartnær 40 ára plast hafi veðrast og sé orðið stökkt, auk þess sem það verði stökkt í kulda eins og verið hafi 30. nóvember 2013.

Í fjórða lagi sé það niðurstaða matsmanns að engar leiðbeiningar framleiðanda liggi fyrir um viðhald glugganna, enda sé ekki vitað hver hafi framleitt þá. Ekki sé um það að ræða að halda plastkúplunum við, heldur verði að skipta um þá þegar þeir hafi runnið sitt skeið. Það að skipta um karma árið 2012 en halda áfram að nota sömu kúplana telji matsmaður hefðbundið viðhald, enda hafi kúplarnir ekki borið merki hrörnunar og ekki augljóst að þeir væru úr sér gengnir.

Í fimmta lagi sé það niðurstaða matsmanns að ekki sé unnt að segja til um ástand þakglugganna á slysdegi.

Í sjötta lagi sé það niðurstaða matsmanns að 11 ára gamalt barn geti komist upp á þak anddyris og upp á þak sundlaugarbyggingarinnar. Þetta eigi einnig við um skáhallandi vegg sem gangi út frá húsinu á þremur hliðum.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, Svanur Kristinsson lögreglumaður, Hjalti Sigmundsson, dómkvaddur matsmaður, Valdimar Hauksson, sem var uppi á þakinu með stefnanda á slysdegi, og loks Jónas Yngvi Ásgrímsson, sem kom að stefnanda á vettvangi slyssins.

## II

Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni 30. nóvember 2013 þegar hann féll í gegnum þakglugga umræddrar sundlaugar. Á þessu tjóni beri stefndi skaðabótaábyrgð því tjónið teljist afleiðing saknæmrar og ólögmaettrar háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fasteignin sé í eigu og á forræði téðs stefnda sem reki sundlaugina. Hann hafi einnig verið með í gildi ábyrgðartryggingu hjá meðstefnda á slysdegi.

Tjónið megi meðal annars rekja til vanbúnaðar á umræddum þakglugga sem og til auðvelds aðgengis upp á þak hússins. Líkamstjón stefnanda hafi þannig orsakast af vanbúnaði fasteignarinnar og athafnaleyfi sveitarfélagsins við að sinna viðhaldi á henni, þar með töldum þakgluggum, og tryggja almennt öryggi gesta og gangandi, þá sérstaklega ungmenna um að þau kæmust ekki upp á þakið.

Almenn skylda fasteignareiganda, þ.e. stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að af fasteign stafi hætta fyrir gesti og gangandi, sé mjög rík í íslenskum rétti. Í þeim efnum séu sérstaklega ríkar kröfur gerðar til athafnaskyldu þeirra er eigi eða hafi umráð yfir fasteignum sem nýttar séu til verslunar- eða þjónustustarfsemi og gildi það bæði um aðstæður og búnað innanhúss sem utan.

Skeiðalaug sé opin öllum og einkum nýtt af skólabörnum Brautarholtsskóla og gestum tjaldsvæðis í nágrenninu. Óumdeilt sé því að ríkari kröfur séu gerðar til stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að tryggja að af fasteigninni stafi ekki hætta. Samkvæmt dómaframkvæmd eigi hér við strangt sakarmat.

Augljós hætta hafi stafað af því að börn kæmust upp á þak fasteignarinnar, vegna auðvelds aðgengis upp á þakið í ljósi hönnunar hússins, meðal annars hæðar þess, aflíðandi veggja og steyptra veggja og útskota, grasbala upp við vegg hússins, og að teknu tilliti til lausamuna sem standi við húsið, til dæmis hjólastanda. Hönnun hússins sé raunar með þeim hætti að afar freistandi sé fyrir börn að þrila upp á það. Jafnframt hafi verið þekkt að börn á svæðinu gerðu það reglulega. Hafi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi og hlutaðeigandi starfsmönnum hans mátt vera sú hætta ljós að börn klifruðu upp á þak fasteignarinnar og slösuðu sig. Sérstaklega rík skylda hafi því hvílt

á stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi til að gera ráðstafanir í því skyni að forða þeirri hættu, sem honum hefði verið unnt að grípa til fyrirhafnarlaust, til þess að koma í veg fyrir að börn og aðrir kæmust upp á þakið. Stefndi hafi einnig mátt vita að dómgreind barna og unglinga sé ekki sú sama og fullorðinna og hefði stefndi því átt að takmarka aðgengi barna upp á þakið. Þessa athafnaskyldu hafi stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur vanrækt og meta verði þá vanrækslu honum til sakar í skilningi reglna skaðabótaréttar.

Jafnframt hafi sú athafnaskylda sem hvílt hafi á stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi til að tryggja öryggi gesta og gangandi við fasteignina samkvæmt framansögðu, einkum barna, verið enn ríkari en ella fyrir þær sakir að ásigkomulagi og viðhaldi hússins, þar með töldum þakglugga, hafi verið verulega áfátt. Þetta hafi aukið enn á hættuna sem skapast hafi við það að börn hafi auðveldlega getað klifrað upp á húsið. Óumdeilt sé að ástand Skeiðalaugar sé mjög bágborið og mjög mikil viðhaldsþörf sé á fasteigninni og hafi verið um áratugaskeið, enda húsið 38 ára gamalt á þeim tíma er slysið varð. Endurspeglit það meðal annars í fundargerðum sveitarstjórnar stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps síðastliðna áratugi og ástandsskoðun Verkís, sem sveitarfélagið hafi sjálft aflað árið 2019.

Meðal annars vegna skorts á gögnum hjá stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi um viðhald fasteignarinnar og ástand hennar á slysdegi verði að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að þakgluggar hússins hafi verið ónýtir og a.m.k. í ófullnægjandi ásigkomulagi á tjónsdegi, þar með talið hvað burðarþol varðar, þannig að hætta hafi stafað af, og aukið á þá miklu slyshættu sem þegar skapaðist vegna þess að börn áttu greiða leið upp á þak hússins. Nægilega sé í ljós leitt í málinu, og þar sem engin gögn liggi fyrir um hið gagnstæða, að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi vanrækt þá athafna- og aðgæsluskyldu sem virða verði sveitarfélaginu til sakar í skilningi reglna skaðabótaréttar.

Til stuðnings fyrrgreindum málsástæðum sé á því byggt að gler í umræddum þakglugga hafi ekki uppfyllt kröfur gildandi laga, reglna og staðla sem við eigi. Þannig sé meðal annars byggt á því að glerið hafi ekki uppfyllt þær kröfur um álag, þykkt, burðarþol, öryggi og aðra eiginleika sem þakgler þurfi að uppfylla samkvæmt gildandi lögum og reglum og þá að teknu tilliti til eðlis fasteignarinnar sem opinberrar byggingar, og jafnframt með tilliti til þess að auðvelt hafi verið fyrir börn og aðra að komast upp á húsið. Fram komi í lögregluskýrslu að þakglugginn hafi verið kúptur þakgluggi úr plexígléri. Í ástandsskoðun sem framkvæmd hafi verið af Verkís í febrúar 2019 komi einnig fram að gler sé víða illa farið og þarfnist endurnýjunar.

Stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur beri ábyrgð á því að húsnæðið sé öruggt og gluggar í húsinu uppfylli kröfur í lögum, verklýsingu, byggingarreglugerð og sem almennt tíðkist hér á landi. Engin gögn liggi þó fyrir um að fasteigninni hafi verið

viðhaldið á árunum 1975 til 2013. Jafnframt séu engin gögn um að skipt hafi verið um gler í þakgluggum á þessu tímabili og sé byggt á því að það hafi ekki verið gert. Afleiðing þess að viðhaldi á gleri og þakgluggum hafi ekki verið sinnt hafi verið sú að glerið veiktist með tímanum vegna aldurs, veðurfars og útgeislunar frá sólu sem hefur áhrif á burðargetu slíks glers. Byggt sé á því að ekki liggi annað fyrir, vegna skorts á gögnum hjá stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en að glerið/efnið í þakglugganum hafi verið upprunalegt og í öllu falli orðið ónýtt. Augljóst sé að glugginn hafi ekki þolað mikið álag með vísan til þess að hann brotnaði eingöngu við það að stefnandi, þá 40 kg að þyngd, hafi stigið á það. Styðji það þann málalíbúnað stefnanda að ástandi, gerð og viðhaldi gluggans hafi verið ábótavant með tilliti til öryggis. Af því leiði að ástand fasteignarinnar hafi því ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar hafi verið til hennar, þar með talið í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í þeirri reglugerð sé að finna fyrirmæli um gler í byggingum, þar með taldar kröfur varðandi burðarþol og öryggi, sbr. grein 8.5.2. (val á glergerð) og kafla 12.4. (gler í byggingum). Í grein 12.4.1. segi jafnframt að allt óvarið gler í byggingum skuli þola það álag sem búast megi við að glerið eða festingar þess verði fyrir. Burðarþolshönnuður skuli ákvarða styrk þess og gerð þess samkvæmt ákvæðum 8. hluta reglugerðarinnar (burðarþol og stöðugleiki). Í grein 8.5.2. sé fjallað um val á glergerðum, þar með talda ákvörðun á þykkt glers, og vísað til tilgreindra staðla í því sambandi (svonefndra RB-blaða og staðalsins NS 3510). Byggt sé á því að glerið í umræddum þakglugga hafi ekki fullnægt framangreindum kröfum. Í grein 12.4.3. sé einnig mælt fyrir um að ef fallhæð utan við glugga á byggingu sé tveir metrar eða meiri skuli glerið í glugganum vera viðeigandi öryggisgler samkvæmt kafla 8.5. og nægjanlega þykkt til að þola álag. Öryggisgler sé skilgreint í grein 1.2.1. í reglugerðinni sem gler sem hindri eða minnki hættu á slysum á fólki við umgengni og snertingu við gler. Fyrir liggi að fallhæð frá þakglugga fasteignarinnar við Skeiðalaug sé fjórir metrar og hefði því átt að vera öryggisgler í fyrirnefndum þakglugga auk handriðs innan við glerið. Væri slíkt öryggisgler ekki í glugganum skyldi vera handrið innan við glerið minnst 0,8 metra hátt. Fasteignin hafi ekki uppfyllt ofangreind skilyrði byggingarreglugerðar. Veruleg vanræksla hafi falist í þessu af hálfu stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Fyrirgreindar kröfur eigi fullum fetum við um þá fasteign sem um ræðir, þar með talið gerð, burðarþol og annan umbúnað þakglugga og viðhald þeirra, og beri í öllu falli að líta til umræddra reglna og viðmiðana við mat á sök stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Um hafi verið að ræða viðvarandi skyldu til að tryggja að fasteignin uppfyllti á hverjum tíma kröfur laga og reglna varðandi öryggi gesta og gangandi, sérstaklega barna, meðal annars í ljósi aldurs fasteignarinnar. Þessar skyldur hafi



sveitarfélagið vanrækt með öllu, sem sé orsök tjóns stefnanda, og beri að virða því til sakar í skilningi reglna skaðabótaréttar.

Stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur verði, sem eigandi fasteignarinnar, að bera hallann af hugsanlegum sönnunarskortri varðandi ásigkomulag og ástand fasteignarinnar á slysdegi, þar með töldum þakglugga, enda hvíli sú skylda á sveitarfélaginu að varðveita gögn sem varpað gætu ljósi á slíkt.

Auk skilyrða skaðabótaábyrgðar um saknæmi og ólögmati sé kröfum um orsakatengsl og sennilega afleiðingu fullnægt, enda hafi hin saknæma vanræksla stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps leitt til þess að stefnandi féll gegnum gluggann og varð fyrir alvarlegu líkamstjóni. Annars vegar leiði tjón stefnanda af því að stefndi hafi látið hjá líða að stemma stigu við augljósri hættu á að börn kæmust upp á húsið og hins vegar með því að hafa vanrækt viðhald hússins og að tryggja að það og einstakir hlutar þess uppfylltu á hverjum tíma gildandi kröfur um öryggi, einkum þakgluggar. Fyrrgreindar tjónsorsakir séu hver um sig nægilegur grundvöllur fyrir bótaskyldu téðs stefnda. Því beri stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur, hvernig sem á málið sé litið, skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins.

Líkamstjónið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps hjá meðstefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Óumdeilt sé að sú vátrygging nái yfir líkamstjón stefnanda þótt deilt sé um sök.

### III

Stefndu hafna því að skaðabótaskylda stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna slyss stefnanda sé fyrir hendi, enda sé ekkert í gögnum málsins sem beri með sér að til slíkrar skaðabótaskyldu geti hafa stofnast.

Brautarholtslaug, oft nefnd Skeiðalaug í Brautarholti eins og hún sé nefnd í stefnu, hafi verið byggð á árunum 1972 til 1975 og var vígð 15. nóvember 1975. Byggingu hennar hafi endanlega lokið árið 1984. Því eigi tilvísuð ákvæði í stefnu til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 ekki með neinum hætti við í málinu, enda hafi verið staðfest í dómaframkvæmd að eingöngu sé hægt að byggja á ákvæðum þeirrar byggingarreglugerðar sem í gildi hafi verið þegar fasteign var byggð eða endurbyggð, en síðar tilkomnum byggingarreglugerðum og þeim ákvæðum sem þar sé að finna verði ekki beitt varðandi útbúnað og ástand fasteigna. Þegar fasteignin hafi verið byggð hafi hún verið byggð í fullu samræmi við gildandi byggingarreglugerðir og samþykktir og hafi uppfyllt allar kröfur sem gerðar séu til slíkra bygginga, hvort sem er í lögum eða afleiddum reglugerðum. Lokaúttekt hafi farið fram á fasteigninni án athugasemda áður en hún hafi verið tekin í notkun og allar teikningar fasteignarinnar hafi verið samþykktar af hálfu skipulagsyfirvalda.

Þar sem um nær 40 ára gamla byggingu sé að ræða hafi verið þörf á viðhaldi á byggingunni. Aflað hafi verið ástandsskýrslu um fasteignina árið 2019, þar sem talið var að ráðast þyrfti í ákveðnar endurbætur á byggingunni. Athugasemdir í ástandsskýrslunni hafi fyrst og fremst lotið að ástandi útveggja og steypuskemmdum, skjólveggjum, endurnýjun á gleri og gluggum, flísalögn og endurbyggingu sundlaugarinnar og heitum potti.

Sönnunarbyrðin um saknæma og ólögmæta háttsemi hvíli alfarið á herðum stefnanda. Verði stefnandi því að leggja fram sönnunargögn sem sýni fram á að ástand fasteignarinnar hafi verið með slíkum hætti að það hafi leitt til tjóns stefnanda. Þá beri stefnandi sömuleiðis sönnunarbyrðina fyrir því að byggingin hafi ekki verið byggð í samræmi við gildandi reglur og lög. Þessi sönnun hafi ekki tekist.

Stefnandi byggi á því í fyrsta lagi að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi vanrækt skyldur sínar sem eigandi fasteignarinnar, með því að hafa ekki gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn eða aðrir gætu klifrað upp á fasteignina. Stefndu hafni þessum málatilbúnaði, enda sé hann ekki á rökum reistur. Ekkert í gildandi byggingarreglugerðum eða í fyrri byggingarreglugerðum mæli fyrir um skyldur fasteignareiganda til að koma í veg fyrir að hægt sé að klifra upp á fasteignir. Eðli máls samkvæmt geti sá sem hafi ásetning til þess að klifra upp á þak fasteignar í nær öllum tilvikum náð því markmiði sínu. Almennt sé vegghæð fasteigna, sem eru á einni hæð, eins og fasteignin sem hér um ræðir, ekki meiri en um þrjár metrar eða þar um bil og því aldrei hægt að koma í veg fyrir slíkt athæfi. Engin rök séu fyrir því að leggja þær skyldur á fasteignareigendur að þeir grípi til sérstakra aðgerða til að koma algjörlega í veg fyrir aðgengi að fasteigninni með þessum hætti, og í dómaframkvæmd finnist ekki dæmi um slíkar kröfur. Ekki hrófli það við þessari niðurstöðu þótt beitt sé ströngu sakarmati. Sök á þessum grundvelli geti eðli máls samkvæmt ekki talist vera til staðar.

Stefnandi byggi á því í öðru lagi að slæmt ástand fasteignarinnar hafi leitt til slyss hans og vísi sérstaklega til þess að þakglugginn sem stefnandi hafi fallið niður um hafi verið vanbúinn. Þessu hafni stefndu, enda sé ekkert í gögnum málsins sem styðji fullyrðingar stefnanda um slíkan vanbúnað. Fyrir liggja að ástand fasteignarinnar hafi farið versnandi í gegnum tíðina. Þær athugasemdir sem gerðar hafi verið í ástandsskýrslu frá árinu 2019 snúi þó ekki að neinu leyti að því þeim atriðum sem stefnandi byggi málatilbúnað sinn á, þ.e. að ástand fasteignarinnar hafi leitt til þess að auðvelt hafi verið að klifra upp á fasteignina eða að ástandi þakglugga hafi verið ábótavant. Að mati stefndu sé því algjörlega ósannað og ekki rétt að ástand fasteignarinnar hafi verið með þeim hætti að auðveldara hafi verið að klifra upp á fasteignina, en eins og fyrr segir sé hvergi í lögum eða reglugerðum gerður áskilnaður um varnir við því að hægt sé að klifra upp á þök fasteigna. Stefndu bendi á að ástandsskýrslan sem stefnandi hafi lagt fram hafi verið unnin árið 2019, eða um sex

árum eftir slysið. Sönnunargildi skýrslunnar um ástand fasteignarinnar á slysdegi sé því í raun ekkert. Hvað sem því líði sé ekkert í skýrslunni sem bendi til vanrækslu stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi þetta atriði.

Stefnandi byggi enn fremur á því að ástand og umbúnaður þakgluggans sem hann hafi fallið í gegnum hafi ekki verið í samræmi við hönnunargögn og/eða kröfur laga og reglugerða. Þessum sjónarmiðum sé algjörlega hafnað af hálfu stefndu. Fyrir liggi að lokaúttekt hafi farið fram á byggingunni áður en hún hafi verið tekin í notkun og teikningar hennar samþykktar af hálfu byggingaryfirvalda. Það sé því ekkert í gögnum málsins sem skjóti stoðum undir þessar staðhæfingar stefnanda, þ.e. að glugginn hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem gera þurfi til slíkra glugga. Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn sem bendi til þess að gerðar séu þær kröfur til þakglugga fasteigna að þeir eigi að geta borið þyngd manneskju sem stígi á gluggann eða jafnvel hoppi á honum.

Í málatilbúnaði sínum vísi stefnandi ítrekað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 hvað þetta atriði varði, en ekkert af þeim ákvæðum sem hann vísi til eigi með beinum hætti við um þakglugga sem þennan. Þó sé tekið fram að við val á gleri í byggingar skuli valið gler „sem skuli þola það álag sem búast má við að glerið eða festingar þess verði fyrir“. Eðli máls samkvæmt geri umrætt ákvæði ekki að skilyrði að gluggar teljist „mannheldir“ eða glugginn hafi sérstaka burðargetu þannig að glerið brotni ekki ef stigið sé á það. Eins og fram komi í lögregluskýrslu liggi fyrir að glugginn sem brotnaði undan þunga stefnanda sé plexíglersgluggi, en almennt sé viðurkennt að plexíglers sé sterkara en venjulegt gler og hafi meiri höggstyrk, en plexíglersgluggar geti verið kúptir, sem auki einnig styrk þeirra. Stefnandi bendi á að í lögregluskýrslu komi fram að glugginn hafi verið brotinn á hlið, en ekki að ofanverðu og hafi lögreglumenn dregið þá ályktun að stefnandi hefði stokkið á þakgluggann og hann því brotnað undan honum. Að mati stefndu verði ekki hægt að gera þá kröfu til þakglugga að þeir þoli slíka áraun, og verði aldrei hægt að telja að slíkt álag sé eitthvað sem reikna verði með við val á gleri eða gluggum. Eins og fyrr segi hafi byggingarreglugerð nr. 112/2012 ekki verið í gildi þegar fasteignin hafi verið byggð og verði því ekki hægt að byggja meinta sök á því að hönnun eða bygging fasteignarinnar hafi brotið gegn ákvæðum þeirrar reglugerðar. Sama eigi við um þau ákvæði sem stefnandi vísi til í grein 12.4.3. varðandi kröfur um öryggisglers, en því sé við að bæta að það ákvæði eigi ekki með neinum hætti við um þakglugga, enda sé þar vísað til þess að ákvæðið gildi þegar „neðri brún glers [er] nær gólfi en 0,60 m“. Það sé því fráleitt að mati stefndu að halda því fram að umrætt ákvæði eigi við í málinu. Þá sé sömuleiðis fráleitt að halda því fram að „handrið“ hafi átt að vera innan við glerið, enda sé slíkur búnaður ómögulegur við þessar aðstæður.

Varðandi sjónarmið stefnanda um að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur verði að bera hallann af hugsanlegum sönnunarskorti um ásigkomulag og ástand

fasteignarinnar á slysdegi, þar sem sveitarfélagið hafi vanrækt að varðveita gögn um fasteignina, sé þeim sjónarmiðum algjörlega hafnað af hálfu stefndu. Það liggja ekkert fyrir um að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur sínar um varðveislu gagna og í raun óljóst hvaða gögn það ættu að vera. Ekkert mæli því með því að víkja eigi frá meginreglu skaðabótaréttar um sönnunarbyrði tjónþola og snúa með einhverjum hætti sönnunarbyrði við hvað varði ástand þakgluggans. Því sé hér við að bæta að stefndu telji fyrirliggjandi gögn sýna með óyggjandi hætti hvernig slysið atvikaðist og hverjar aðstæður hafi verið á slysstað.

Samkvæmt framansögðu sé því alfarið hafnað að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur sínar sem leitt gæti til skaðabótaskyldu, enda sé með öllu ósannað að slys stefnanda megi rekja til atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið beri ábyrgð á. Það sé því ekkert sem liggja fyrir sem bendi til þess að saknæm og ólögmaet háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða starfsmanna hans hafi valdið slysi stefnanda. Því beri að sýkna stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepp af öllum kröfum stefnanda. Þá beri sömuleiðis að sýkna meðstefnda af kröfum stefnanda.

Verði talið að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur beri með einhverjum hætti skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda, þá byggi stefndu á því að stefnandi hafi sjálfur átt sök á því að slysið gerðist, enda hafi háttsemi hans sjálfs valdið slysinu. Ljóst sé af gögnum málsins að stefnandi hafi ákveðið að klifra upp á þak byggingarinnar og síðan hoppað á þakgluggann sem hafi brostið undan honum. Stefnanda hafi mátt vera ljóst að slík háttsemi gæti leitt til tjóns, og verði ekki hægt að telja að hann hafi fyrir æsku sakir ekki áttað sig á þeirri hættu, enda hafi hann verið 11 ára gamall. Bótaréttur stefnanda sé því niður fallinn af þeim sökum, en í öllu falli ætti bótaréttur hans að verða skertur vegna eigin sakar.

#### IV

#### A

Ágreiningslaust er að stefnandi varð fyrir tjóni 30. nóvember 2013 þegar hann féll í gegnum kúptan þakglugga úr plexíglери sem staðsettur er ofan á byggingunni sem hýsir Skeiðalaug í Brautarholti. Byggingin er á einni hæð. Stefnandi beinir kröfu um viðurkenningu skaðabótaskyldu að stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem eiganda byggingarinnar. Þá beinir stefnandi kröfu um viðurkenningu á rétti til váttryggingarbóta úr ábyrgðartryggingu að meðstefnda Váttryggingafélagi Íslands hf. sem selt hafði sveitarfélaginu umrædda ábyrgðartryggingu. Óumdeilt er að sú trygging var í gildi á slysdegi.

## B

Fyrir dómi kvaðst stefnandi lítið muna eftir sjálfu slysinu, en hann var sem fyrr segir 11 ára gamall á slysdegi. Ekki kvaðst hann minnst þess að hafa hoppað á glugganum. Væntanlega hefði hann þó staðið á glugganum þegar hann brotnaði undan honum. Valdimar Hauksson, sem var með stefnanda uppi á þakinu umrætt sinn, þá 10 ára að aldri, gat ekki rifjað upp fyrir dómi hvort hann hefði séð stefnanda falla í gegnum gluggann. Hann kvaðst þó muna að þeir hefðu stuttu áður gengið yfir einhverja kúpla en aðspurður hafnaði hann því alfarið að þeir hefðu hoppað á þeim.

Að þessu virtu telur dómurinn ekki fyllilega upplýst hvernig slysið atvikaðist en ljóst er þó að drengirnir höfðu gengið á þakgluggum í aðdraganda þess.

Af dómaframkvæmd er ljóst að þegar um verslunar- eða þjónustuhúsnæði er að ræða, sem gera má ráð fyrir að almenningur venji komur sínar í eða er hvattur til að mæta í, verður að gera ríkar kröfur til þeirra sem eiga, reka eða koma með öðrum hætti að slíku húsnæði til að tryggja að almenningi stafi ekki hættu af því. Sakarmat er með öðrum orðum strangt þegar tekin er afstaða til þess hvort skaðabótaábyrgð hafi stofnast vegna líkamstjóns sem orðið hefur inni í slíkum fasteignum eða fyrir utan þær, sbr. dóm Landsréttar 19. nóvember 2021 í máli nr. 488/2020. Þó er ábyrgð eiganda fasteignar ekki svo rík við þær aðstæður að hún teljist hlutlæg. Fyrir þarf því að liggja saknæm og ólögmat háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps svo bótaskylda verði lögð á hann í málinu.

Sönnunarbyrðin um ætlaða ólögmeta og saknæma háttsemi téðs stefnda hvílir á stefnanda. Áður er rakið að lögregla kom á vettvang á slysdegi og rannsakaði slysið. Sú staðhæfing stefnanda að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur til varðveislu gagna er ósönnuð og hefur stefnandi að öðru leyti ekki fært haldbær rök fyrir því að snúa beri við sönnunarbyrði í málinu.

Til að renna stoðum undir dómkröfu sína aflaði stefnandi matsgerðar Hjalta Sigmundssonar, byggingartækni-fræðings og húsasmíðameistara, en niðurstöður matsgerðarinnar eru raktar hér að framan. Í skýrslu fyrir dómi lýsti dómkvaddur matsmaður því að eftir að hafa skoðað skýrari útprentun á ljósmynd úr lögregluskýrslu af vettvangi slyssins en lá fyrir þegar hann vann matsgerðina teldi hann ljóst að í umræddum þakglugga hefði verið tvöfalt gler en ekki einfalt. Önnur umfjöllun í matsgerð hafði einnig bent í sömu átt, eins og áður er rakið. Orkar ekki tvímælis að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, að glugginn var tvöfaldur og í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Þá renna hvorki matsgerðin né skýrsla hins dómkvadda matsmanns fyrir dómi stoðum undir þann málatilbúnað stefnanda að byggingin hafi ekki fullnægt lögum, reglum eða stöðlum sem giltu þegar fasteignin var byggð. Plexíglerið í umræddum þakglugga var upprunalegt og er ósannað að virkjast hafi skylda stefnda Skeiða- og

Gnúpverjarepps til að skipta því út fyrir slysdag eða að reglur yngri byggingarreglugerðar nr. 112/2012 hafi átt við um gluggann, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 16. nóvember 2018 í máli nr. 228/2018. Tilvísanir stefnanda til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 eru því haldlausar, en teldust það raunar einnig þótt sú reglugerð yrði talin eiga við í málinu.

Það hróflar ekki við framangreindri niðurstöðu þótt skipt hafi verið um gluggakarma á þakgluggunum árið 2012, en þá var ekki skipt um plexíglerið. Raunar telur dómkvaddur matsmaður nærtækast að álykta sem svo í svari við matsspurningu nr. 1 að ástæða þess að kúplarnir hafi þá verið notaðir áfram hafi verið að þeir hafi virst óskemmdir árið 2012. Stefnandi hefur ekki reynt að hnekkja þessari ályktun með því að leiða fyrir dóminn þann smið sem skipti um karmana árið 2012 og síðar um kúplana árið 2015, en sá smiður er raunar nafngreindur í matsgerðinni og haft eftir honum þar að þegar skipt hafi verið um kúplana árið 2015 hafi plexíglerið ekki virst sérstaklega veðrað, gulnað eða rispað.

Enn fremur fela framlagðar fundargerðir sveitarstjórnar stefnda Skeiða- og Gnúpverjarepps og ástandsskýrsla um sundlaugina sem sveitarstjórn aflaði frá verkfræðistofu árið 2019 ekki í sér sönnun þess að viðhald á þakglugganum hafi verið vanrækt svo saknæmt geti talist. Þess skal getið að í ástandsskýrslunni frá árinu 2019 er raunar ekkert fjallað um þak hússins eða þakgluggana.

Fram kom í grein 7.4.2. í þágildandi byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur frá árinu 1967 að þakglugga væri heimilt að gera ef slíkt skerti ekki burðarþol þaksins, en eins og fram kemur í matsgerð er þar ekki kveðið á um þá skyldu að útfæra þakglugga þannig að þeir þoli sérstaklega umferð fólks. Slíkt er raunar ekki heldur áskilið í reglugerð nr. 112/2012. Það að sundlaug hafi verið rekin í byggingunni hróflar ekki við framangreindum ályktunum dómsins.

Af öllu framangreindu leiðir að stefnandi telst ekki hafa fært sönnur á saknæma og ólögsmæta háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjarepps í tengslum við hönnun, byggingu og viðhald hússins, þar á meðal ætlaðan vanbúnað þakgluggans sem stefnandi féll í gegnum.

## C

Stefnandi lýsti því fyrir dómi hvaða leið hann hefði farið til að klifra upp á þak byggingarinnar. Ber honum og vitninu Valdimar Haukssyni saman um að þeir hefðu stigið upp á steiptan kant og klifrað síðan hægra megin upp á skyggni fyrir ofan inngang hússins. Ljósmynd ásamt skýringum matsmanns í tengslum við þessa leið upp á húsið er einnig birt í matsgerð. Að mati dómsins telst húsnaðið um framangreind atriði hefðbundið og ekki í andstöðu við þágildandi byggingarsamþykkt frá 1967 eða síðari reglur.

Eins og áður er rakið var sundlaugin lokuð þann dag þegar slysið átti sér stað. Ósannað er að stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafi verið kunnugt um klifur stefnanda og Valdimars Haukssonar upp á þak sundlaugarinnar umrætt sinn.

Stefnandi byggir á því að stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafi sérstaklega átt að vera kunnugt um að börn klifruðu reglulega upp á þak sundlaugarbyggingarinnar og því hafi þurft að grípa til ráðstafana til að bregðast við þessu. Stefndu hafna því sem fyrir segir að saknæm háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps liggi fyrir í málinu. Þá sé hvergi í lögum eða reglugerðum gerður áskilnaður um varnir við því að hægt sé að klifra upp á þök fasteigna.

Vitnið Valdimar Hauksson var sem fyrir segir 10 ára gamall á slysdegi og var uppi á þakinu með stefnanda þann dag. Bar vitnið fyrir dómi að þetta hefði verið í fyrsta sinn sem það hefði klifrað upp á þakið. Þá gat vitnið rakið þess dæmi að einu sinni hefðu bræður vinar vitnisins farið þarna upp. Almennar vangaveltur vitnisins um að allir í sveitinni hefðu ábyggilega vitað að krakkar væru að fara upp á þakið voru óljósar og í raun getgátur. Verður ekki á þeim byggt.

Vitnið Jónas Yngvi Ásgrímsson var kallað til á slysdegi til að opna sundlaugina og kom vitnið að stefnanda á gólfinu þar. Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa verið búsett í sveitarfélaginu allt frá 1994. Var vitnið spurt að því hvort það vissi til þess að börn eða aðrir hefðu farið upp á þak laugarinnar. Svaraði vitnið því til að það hefði verið þekkt. Það hefði verið minna um slíkt hjá börnum, en eftir böll eða party hefði oft verið farið í sundlaugina.

Með framburði þessara tveggja vitna er ekki komin fram næg sönnun þess að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi átt að hafa vitneskju um svo tíðar ferðir barna upp á þakið að sérstök skylda hafi vaknað til ráðstafana umfram það sem almennt á við þegar börn eða aðrir óboðnir gestir klifra upp á húspök, þ.e. með því að gera einfaldlega lögreglu viðvart um slíkar mannaferðir. Við framangreindri niðurstöðu hróflar ekki tilvísun lögmanns stefnanda við málflutning til reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla, enda á hún ekki við um þessar aðstæður. Áður er rakið að sundlaugin var lokuð á slysdegi sem og að ósannað teljist að vitneskja hafi verið um það hjá téðum stefnda að stefnandi og vitnið Valdimar væru þá uppi á húspakinu.

Stefnandi bendir á það í stefnu að dómgreind barna sé ekki sú sama og fullorðinna. Enda þótt dómurinn fallist á þá staðhæfingu er ekki þar með sagt að húseigendur verði sjálfkrafa taldir bera skaðabótaábyrgð á slysum barna sem klifra upp á húspök. Þótt telja verði þannig sannað í málinu að 11 ára gömul börn hafi getað klifrað upp á skyggni yfir inngangi hússins er það mat dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, að það hafi ekki hafi verið einfaldara en almennt gengur og gerist með sambærilegar byggingar, enda um að ræða hús á einni hæð. Þannig er rakið í matsgerð að engar líkur séu til að upp á þak hússins sé farið fyrir misgáning. Anddyri hússins þar

sem skyggnið sé staðsett sé ekki öðruvísi en algengt sé á húsum. Nefnir matsmaður til samanburðar að auðvelt sé að klifra upp þakniðurföll á húsum. Anddyrið undir skyggninu teljist að þessu leyti ekki sambærilegt stöðum í húsum þar sem eðlilegt þyki að koma fyrir fallvörnum. Loks er ekkert komið fram í málinu sem rennir stöðum undir þann málatilbúnað stefnanda að hönnun hússins sé með þeim hætti að afar freistandi hafi verið fyrir stefnanda að klifra upp á húsið með þeim hætti sem hann gerði þannig að slíkt verði metið stefnda Skeiða- og Gnúpverjahreppi til saknæmis.

Að öllu framangreindu virtu verður að mati dómsins ekki á það fallist með stefnanda að um hafi verið að ræða augljósa hættu á að börn myndu klifra upp á húsið við skyggni þess. Að þessu leyti eru málsatvik töluvert frábrugðin þeim sem uppi voru í dómi Hæstaréttar 17. maí 1996 í máli nr. 34/1995, sem birtur er í dómasafni réttarins 1996 á bls. 1697, en lögmaður stefnanda vísaði til þess dóms við málflutning.

Þess skal raunar getið að jafnvel þótt dómurinn féllist á það með stefnanda að slík sönnun væri komin fram í málinu stæðu eftir óhaggaðar ályktanir dómsins hér að framan þar sem ætluðu saknæmi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps í tengslum við þakgluggann og ástand hans var hafnað.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu telst ósannað að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi fyrir slyss stefnanda mátt ætla að augljós hættu væri á því að börn færu sér að voða á þaki hússins þannig að sérstök skylda hafi vaknað hjá téðum stefnda til að ráðast í breytingar þannig að hin lágreista bygging yrði með öllu ókleif, en áður er auk þess rakið að ekkert liggur fyrir um misbresti á því að við byggingu og hönnun hússins hafi verið fylgt eftir ákvæðum þágildandi byggingarsamþykktar.

Samandregið telst ósannað að stefndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi vanrækt aðgæslu- og athafnaskyldur sem hvíldu á honum sem eiganda fasteignar.

#### D

Í samræmi við það sem framan greinir telst stefnandi ekki hafa fært sönnur á saknæma og ólögsmæta háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem unnt yrði að líta á sem orsök slyss stefnanda umrætt sinn, þannig að til bótaskyldu gæti stofnast gagnvart stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna téðan stefnda af dómkröfum stefnanda.

Þá liggur fyrir að ekki getur komið til þess að meðstefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. verði gert að greiða bætur til stefnanda úr umræddri ábyrgðartryggingu nema fyrir liggi saknæm og ólögsmæt háttsemi stefnda Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þar sem slík háttsemi er ósönnuð ber jafnframt að sýkna stefnda Vátryggingafélag Íslands hf. af dómkröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.



Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 13. janúar 2023. Tímaskýrsla lögmanns stefnanda þykir úr öllu hófi. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans sem þykir hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur, en sú þóknun er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðbrandur Jóhannesson lögmaður.

Af hálfu stefndu flutti málið Halldór Hrannar Halldórsson lögmaður.

Mál þetta dæma Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari og Jón Ágúst Pétursson, byggingartæknifræðingur og húsasmíðameistari.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndu, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Óskars Eiríks Sveinssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Guðbrands Jóhannessonar, 1.500.000 krónur.

Arnaldur Hjartarson  
Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Jón Ágúst Pétursson

Rétt endurrit staðfestir

31.10.2024

Gjald: 2.400 kr

